

Sjálfbærniverkefni á Austurlandi

Vinnufundur stýrihóps, Vonarlandi Egilsstöðum 22.1.2015 kl. 9:30 – 15:00

Mætt: Árni Óðinsson (Landsvirkjun), Dagný Björk Reynisdóttir (staðgengill Geirs Sigurpáls Hlööverssonar, Alcoa), Else Möller (Austurbrú), Freyr Ævarsson (Fljótsdalshérað), Guðrún Á. Jónsdóttir (Austurbrú), Páll Björgvin Guðmundsson (Fjarðabyggð), Sigrún Víglundsóttir (Austurbrú) sem ritaði fundargerð.

Fríða Björg Eðvarðsdóttir (Landvernd) boðaði forföll.

Dagskrá

- 1 Stýrihópur – hlutverk og ábyrgð
- 2 Ársfundur, dagsetning og innihald
- 3 Rýni á verklagsreglum um ársfund og breytingaferli vísa
- 4 Breytingatillögur / athugasemdir við vísa
- 5 Markmið / væntingar verkefnisins
- 6 Önnur mál

1. Lögð var fram tillaga að stjórnskipulagi verkefnisins sem fylgdi gögnum verkefnisins frá Þekkingarneti Þingeyinga (líklega frá 2010). Fundarmenn voru sammála lýsingu á hlutverki stýrihóps. Samþykkt að lagfæra texta þannig að fram komi að Austurbrú hafi umsjón með verkefninu í stað Þekkingarnets Þingeyinga og birta á vef. Starfsmenn Austurbrúar lagfæra texta og senda á hópinn til samþykktar.
2. Af ýmsum ástæðum tókst ekki að finna hentuga dagsetningu fyrir ársfund í apríl. Samþykkt að halda fundinn miðvikudaginn 6. maí kl. 14 – 18 í Fjarðabyggð. Fundurinn hefur áður verið haldinn í Neskaupstað og á Reyðarfirði. Stefnt á að halda hann á Fáskrúðsfirði í þetta skiptið.

Kannað verður hvort hægt er að bjóða þeim sem koma snemma með flugi um morguninn að skoða álverið. Einnig mætti skoða að bjóða gestum að skoða franska safnið fyrir fundinn.

Samþykkt að setja fókus á efnahagsvísa á ársfundinum og kom fram tillaga um að nálgunin væri „innlegg landsfjórðungsins í efnahagsstærðir landsins“. Nokkrar tillögur komu að gestafyrirlesurum. Starfsmenn Austurbrúar skoða nöfnin og leggja fram tillögu.

Tillaga um að hefja fundinn á inngangi þar sem farið væri stuttlega yfir tengsl efnahags og sjálfbærni þar sem algengt er að menn tengi sjálfbærni eingöngu við umhverfismál.

Rætt að framsögumenn frá Alcoa og Landsvirkjun geti rætt sína vísa vítt og breytt og að óþarfi sé að fara yfir niðurstöður einstakra t.d umhverfsvísa nema eitthvað nýtt hafi komið fram síðan þeir voru kynntir síðast.

Fundarstjóri: Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

Ákveðið að senda hugmyndir að hópastarfi á milli í tölvupósti.

3. Verklagsreglur verkefnisins um ársfund og breytingaferli vísa lesnar yfir og athugasemdir gerðar. Starfsmenn Austurbrúar senda á stýrihóp drög að nýrri útgáfu verklagsregla.
4. Farið yfir lista yfir vísa sem þarfnast skoðunar og/eða breytinga.

Niðurstöður:

- **1.4a** Samþykkt að tala um Fljótsdalsstöð í vöktunaráætlun í stað Landsvirkjun
- **1.4b** Ákvörðun frestað
- **1.12** Samþykkt að leggja niður mælikvarða um brottflutta Austfirðinga hjá álveri en halda honum inni fyrir Fljótsdalsstöð– þarf að leggja fyrir ársfund
- **1.17** Tillaga lögð fram um viðbót við vísinn í framhaldi af umfjöllun ársfundar 2014. Samþykkt að starfsfólk verkefnisins vinni tillöguna áfram á þeim nótum sem lagt var til. Bent á að ánægju með skólastarf má meta út frá sjónarmiðum nemenda, foreldra og starfsfólks skóla.

Páll Björgvin Guðmundsson fór af fundi.

- **2.1** Birta þarf mælingar sem hafa verið gerðar. Skoðað verði hvort mælingar á neysluvatni eru opinberar hjá HAUST. Það hefur gengið illa að fá niðurstöður úr mælingum á jarðvatni vegna einhverra aðferðafræðilegera vandamála en til stendur að gera eina tilraun enn 2015. Ef ekki fást niðurstöður þarf að endurskoða þessa vöktun. Rætt að eðlilegt er að horfa til starfsleyfis þar sem það ætti að vera á ábyrgð þeirra aðila sem gefa út starfsleyfi að tryggja að réttu mælingarnar séu gerðar. Gera þarf grein fyrir mælingum á tímabilinu frá upphafi og út 2008, einnig tímabilinu frá 2008 – 2014 og setja svo fram vöktunaráætlun og niðurstöður samkvæmt henni frá og með 2015. DBR skoðar þetta með sínu fólki.
- **2.3** Tillaga um tala um miðlað rennsli frekar en náttúrulegt rennsli í vöktunaráætlun samþykkt
- **2.8** Eftirtaldar breytingar samþykktar
 - a. „Hvað er mælt“ verður: Framvinda gróðurs er metin á framkvæmdasvæðum
 - b. Vöktunaráætlun 3. mgr. verður: Að loknum byggingartíma verður upplýsingum um framvindu gróðurs á uppgræðslusvæðum safnað í samráði við fagaðila.

Markmið breytinganna er að aðlaga vöktunaráætlun að því sem er gert og er raunhæft. Erfitt er að skilgreina hvenær land er komið til baka, áburður gefur skán en til lengri tíma vilja menn sjá villta gróðurinn á svæðinu í stað tegundanna sem fylgja áburðargjöfni.

- **2.10** Orðalag í „Hvað er mælt“ samþykkt sem:
 - a. Heildarmagn úrgangs skilinn eftir/urðaður á virkjunarsvæði
 - b. Heildarmagn úrgangs sem er urðaður
 - c. Heildarmagn úrgangs sem er endurunninn
 - d. Kerbrot sem eru endurunnin
- **2.14** Tillaga um að fella niður PAH efni úr a-lið vöktunaráætlunar samþykkt
- **2.22** Samþykktar breytingar á vöktunaráætlun (þarf að leggja fyrir ársfund). Hvað er mælt verður:
 - a. Hávella, skúfönd og stökkönd – dreifing og fjöldi á Lagarfljóti að sumarlagi

b. Fjöldi grágæsa með unga og í fjaðrafelli á aurum Jökulsár á Dal og geldgæsir með Lagarfljóti

c. Fjöldi skúma í varplandi á aurum Jökulsár á Dal og ysta hluta Úthéraðs næst Héraðsflóa.

- **2.29** Samþykkt að breyta „Hvað er mælt“ í: Umfang áfoks við Háslón er metið árlega.

Ákveðið að bíða með breytingar á efnahagsvísunum (3.1, 3.2 og 3.4) fram yfir ársfund þar sem efnahagsmál verða í forgrunni. Vísarnir verði ræddir á ársfundi.

Samkvæmt verklagsreglu um ársfund skal bera allar breytingatillögur vísa undir ársfund. Rætt að leggja þær fram skriflega með fundargögnum í upphafi ársfundar. Í dagskrá væri svo gefið tækifæri til að gera athugasemdir og ef engar berast teljist tillögur samþykktar.

5 Ekki gafst tími til að fjalla um markmið/væntingar verkefnisins.

6 Rætt var að tímabært væri að kalla til samráðshóp Sjálfbærni-verkefnisins en hann hittist síðast árið 2010. Árið 2016 verða 10 ár liðin frá því framkvæmdafasi verkefnisins hófst. Skoðað hvort hægt væri að kalla hópinn til.

Rætt hvort rétt væri að Stýrihópur hittist á vinnufundum tvisvar á ári (vor og haust).

Fundi slitið kl. 15:30